



Umhverfis- og skipulagsráð

Tillaga íbúaráðs Breiðholts um umferðaröryggi í Fálkabakka

Á fundi íbúaráðs Breiðholts þann 7. júní s.l., var lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um umferðaröryggi í Fálkabakka, sbr. 3. lið fundargerðar íbúaráðs Breiðholts, dags. 7. júní 2023.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga íbúaráðs Breiðholts:

Íbúaráð Breiðholts leggur til að beina því til umhverfis og skipulagsráðs að meta umferðaöryggi í Fálkabakkabrekkunni með hliðsjón að umferðaröryggisáætlun borgarinnar, forgangsröðun henni tengdri og þeim breytingum sem voru gerðar með deiliskipulagsbreytingunni sem samþykkt var 16.nóvember.2017.

Breytingartillagan var samþykkt.
Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt svo breytt.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks lagði fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðsráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fékk ábendingar í vetur um að ítrekað hefði skapast hættu efst í brekkunni í Fálkabakka, ekki síst í slæmri vetrarfærð. Af þeim ástæðum lagði íbúaráðsfulltrúinn fram tillögu, sem var frestað á fundi ráðsins í byrjun maí sl., um að ráðið samþykkti áskorun til borgaryfirvalda um að úr þessu yrði bætt. Fyrirliggjandi niðurstaða er vel viðunandi og er ástæða til að fagna henni. Vonandi þróast þá mál á þann veg að samgönguyfirvöld í Reykjavík taki málið föstum tókum, svo sem með því að hita upp götuna þar sem brattinn er mestur.

Eiríkur Búi Halldórsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 26. apríl 2023

Breytingartillaga íbúaráðs Breiðholts, dags. 7. júní 2023



Tillaga

Fundur íbúaráðs Breiðholts 3. maí 2023: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um umferðaröryggi í Fálkabakka:

Íbúaráð Breiðholt leggur til að borgaryfirvöld grípi til viðeigandi ráðstafana í því skyni að bæta umferðaröryggi í brekkunni upp Fálkabakka, ekki síst í vetrarfærð.

Greinargerð:

Fyrir liggur að hætta hefur skapast í brekkunni í Fálkabakka, ekki síst í slæmri vetrarfærð. Ástæða er fyrir samgönguyfirvöld í Reykjavík að taka málið föstum tókum, svo sem með því að hita upp götuna þar sem brattinn er mestur.



Breytingatillaga

Fundur íbúaráðs Breiðholts 7. júní 2023: Breytingatillaga íbúaráðs Breiðholts við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um umferðaröryggi í Fálkabakka

Íbúaráð Breiðholts leggur til að beina því til umhverfis og skipulagsráðs að meta umferðaröryggi í Fálkabakkabrekkunni með hliðsjón að umferðaröryggisáætlun borgarinnar, forgangsröðun henni tengdri og þeim breytingum sem voru gerðar með deiliskipulagsbreytingunni sem samþykkt var 16.11.2017.

Greinagerð:

Umfangsmiklar úrbætur voru gerðar á svæðinu árið 2017 einmitt til að bæta umferðaröryggið í Fálkabrekkunni en þáverandi innkeyrsla var í talsverðum halla og of nálægt gagnamótunum við Arnarbakka/Fálkabakka. Til að bæta umferðaröryggið var innkeyrslan færð til, lóðmörkum breytt, bílastæðum fjölgað og nýir stígar lagðir. Í ljósi þessa vill Íbúaráðið að það verði metið hvort þörf sé að meta umferðaröryggið að nýju með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru 2017 og nýrri umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar en brekkan upp og niður Fálkabakka er mikilvæg samgöngutenging við neðra Breiðholt og brýnt að öryggi sé tryggt allan ársins hring. Á slysasjá samgöngustofu eru þrjú óhopp án meiðsla skráð á frárein við Höfðabakka, tvær aftanákeyrslur á kyrrstæðan bíl og ein hægri keyrsla fyrir bíl og eitt óhapp án meiðsla. Ein keyrsla í veg fyrir bíl er skráð við Fálkabakka/Fálkaborg. Engin slys hafa orðið niður Fálkabakkabrekkuna.